

**Ed.**

**683. Frumvarp til laga**

**[308. mál]**

um breyting á lögum nr. 48 26. maí 1972 um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973--1974.)

**1. gr.**

6. gr. laganna orðist þannig:

Lagmetisiðnaðurinn fellur undir skilgreiningar laga um iðnrekstur og greiðir iðnlánasjóðsgjald samkv. lögum nr. 68/1967 með breytingum nr. 19 1968 og nr 42 1971. Með því skal lagmetisiðnaðurinn að fullu undanþeginn öllum útflutningsgjöldum af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og söltuðum grásleppuhrognum, sbr. lög nr. 19/1973 um útflutningsgjald af sjávarafurðum, lög nr. 55/1973 um breytingar á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands og lög nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Þó skulu gjöld sbr. lög nr. 19/1973 innheimtast til ársloka 1977 og renna í sérstakan sjóð til eflingar lagmetisiðnaðinum og útflutningi hans, skv. 7. gr. þessara laga.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Þegar Sölustofnun lagmetisiðnaðarins var stofnsett með lögum nr. 48/1972 var gert ráð fyrir að öll þáverandi útflutningsgjöld af lagmeti skyldu renna í svonefndan þróunarsjóð til eflingar lagmetisiðnaði. Síðar hafa ýmis ný útflutningsgjöld á sjávarafurðir verið lögð á lagmetisiðnað, þar á meðal 1% gjald, sem renna skal til Fiskveiðasjóðs Íslands, og fer það gjald ekki í þróunarsjóðinn.

Á sama tíma hefur það gerst að lagmetisiðnaðurinn hefur ekki notið lánsfyrirgreiðslna úr sjóðum sjávarútvegsins en hins vegar úr iðnlánasjóði, án þess þó að vera skyldur til að greiða iðnlánasjóðsgjald. Hefur af þessu orðið hið mesta öngþveiti fyrir lagmetisiðnaðinn og er staða hans mjög óskýr. Ennfremur hefur það komið í ljós að verðmyndun á lagmetisafurðum er mun líkari því sem gerist um almennar iðnaðarvörur og fylgir ekki þeim sveiflum og reglum um verðlagningu, sem almennt gerast á sjávarafurðum. Aukaálögur af auknum útflutningsgjöldum hafa því reynst mjög þungbærar á síðustu mánuðum.

Þessu frumvarpi er ætlað að undanskilja lagmetisiðnað öllum almennum útflutningsgjöldum á sjávarafurðir og tengja starfsemina við lánakerfi iðnaðarins, og leggja á hana iðnlánasjóðsgjald. Sérstök ákvæði gilda þó um 5 ára skeið um greiðslur í þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

Samtímis frumvarpi þessu er flutt frumvarp að lögum um breytingu á lögum um iðnlánasjóð, er gerir lagmetisiðnaðinn skyldan til greiðslu iðnlánasjóðsgjalds.

Að öðru leyti þarfnast einstakar greinar þessa frumvarps ekki skýringa.